



**EuroCup**  
**women**



**HAUKAR**



**CLUBE UNIÃO  
SPORTIVA**



**23. SEPTEMBER 2021**  
**ÓLAFSSALUR · HAFNARFJÖRÐUR**  
**FYRRI LEIKUR Í FORKEPPNI**

**ÁFRAM HAUKAR!**

# PISTILL FORMANNS

Bragi Hinrik Magnússon

Kæra stuðningsfólk,

Ég vil byrja þennan litla pistil minn á því að bjóða Forseta Íslands hjartanlega velkominn í Ólafssal. Einnig vil ég bjóða fulltrúum stjórnar Körfuknattleikssambands Íslands, fulltrúum bœjarstjórnar Hafnarfjarðar og fyrrum stjórnarmeðlimum Hauka frá þeim tíma þegar kvennalið Hauka tók síðast þátt i Evrópukeppni velkomin í heimsókn. Síðast en ekki síst vil ég bjóða velkomna í salinn alla okkar frábæru stuðningsmenn og aðra gesti.

Það verður að segjast að Haukahjartað fyllist stolti í dag þegar kvennaliðið stigur á stokk í Eurocup. Þegar okkur bauðst þessi þátttaka var strax ljóst að mikill vilji var innan stjórnar deildarinnar að taka þátt enda á deildin 50 ára afmæli í ár og eins og það sé ekki nóg, þá á félagið Haukar 90 ára afmæli. Tímasetningin er einhvernvegin fullkomin. Það verður að segjast að þegar þessi ákvörðun var tekin myndaðist fiðringur í mörgum mallakútum stjórnarinnar því svona þátttaka kostar töluverða peninga fyrir deildina og tíma hjá þeim sjálfboðaliðum sem koma að starfi deildarinnar. Sem betur fer býr deildin að ótrúlega öflugu fólki og einnig hafa stelpurnar sjálfar og þjálfarar lagt aukalega á sig til œfinga og fjár- öflunar til verkefnisins sem er frábært, enda lítum við á þetta sem sameiginlegt verk- efni okkar allra.

Uppúr mun þó standa œvintýri og ómetanleg reynsla, enda er ein af mínum sterkustu minningum sem leikmaður Hauka að hafa tekið þátt í sambærilegri keppni, fyrir allt of mörgum árum síðan, þar sem leikið var við franska liðið Dijon. Ég er ennþá að segja sögur úr þeirri ferð þeim sem nenna að hlusta.

Við drögumst gegn portúgalska liðinu Club União Sportiva sem er frá Azoreyjum. Það verður virkilega skemmtilegt og áhugavert að fá að máta okkur við lið úr Evrópu þar sem 15 ár eru liðin frá því að íslenskt kvennalið í körfubolta tók síðast þátt ... og það voru einnig Haukar.

Ég vil nota tækifærið og þakka öllum þeim sjálfboðaliðum, stjórnarfólki og öðrum þeim sem leggjast á árina með okkur. Svona verkefni væri bara alls ekki hægt án ykkar! Ég vil einnig þakka okkar samstarfs- og stuðningsaðilum fyrir allt það sem þeir leggja til, ekki bara í peningum heldur ýmsum inneignum og þjónustu, ég held að þið gerið ykkur ekki grein fyrir hversu mikilvæg þið eruð okkur og íþróttalífi landans.

Stelpurnar hafa œft vel undanfarið og eru í flottu formi, enda nýkrýndir bikarmeistarar. Ég efast ekki um að þetta verði góð skemmtun, hvernig svo sem úrslitin verða. Okkar bíður svo það verkefni að fara til Azoreyja og leika seinni leikinn eftir viku. Það verður langt og strangt ferðalag en eins og áður sagði, mikið œvintýri. Báðir leikirnir verða sýndir á **Stöð 2 Sport**.

Ég hvet okkur öll til að láta vel í okkur heyra, styðja stelpurnar okkar af krafti og leyfa portúgölsku kollegum okkar að finna fyrir því að það er ekki bara hin íslenska haustlægð sem getur látið finna duglega fyrir sér.

Virðingarfyllst,  
Bragi Hinrik Magnússon  
Formaður Körfuknattleiksdeildar Hauka

Áfram Haukar!

**HRAUN**  
H O T E L

# Evrópuœvintýri þar sem ungar Haukakonur fengu ómetanlega reynslu

Það er kannski orðið langt síðan að íslenskt kvennalið tók síðast þátt í Evrópukeppni félagsliða í körfubolta en þeir sem voru í kringum Haukaliðið 2006 og 2007 sem og leikmenn liðsins gleyma því Evrópuœvintýri örugglega seint.

Leikirnir töpuðu kannski allir en það er engin vafi á því að reynslan sem ungir leikmenn liðsins lögðu inn á bankann og samheldnin sem skapaðist innan hópsins átti mikinn þátt í því að hið kornunga Haukalið vann næstum því alla titla á þessum tveimur tíma-bilum.

Fyrra tímabilið voru Haukar með two erlenda leikmenn, hina bandarísku Keshu Tardy og hina serbnesku Jelenu Jovanovic. Kesha missti af síðasta heimaleiknum og Jelena var ekki með í síðasta útileiknum.

Seinna tímabilið voru ungu Haukastelpurnar aðeins með hina bandarísku Ifeomu Okonkwo með sér. Það þýddi að í byrjunarliðinu voru hin 22 ára Okonkwo og svo fjórar íslenskar stelpur á aldrinum sautján ára til tuttugu og eins árs. Þjálfari liðsins, Águst Björgvinsson, var lika bara 26 og 27 ára á þessum tíma.

Mótherjarnir voru svipaðir bœði árin en þeir komu frá Frakklandi, Ítalíu og Spáni. Haukaliðið mætti bœði árin sama liði frá Kanáreyjum, bœði frönsku liðin voru frá suður Frakklandi, Pays D'Aix Basket og Lattes Montpellier. Mesti munurinn var kannski á ítalska liðinu. Fyrra árið spilaðu Haukastelpurnar nefnilega við Polisportiva Ares frá Sikiley en það síðara við frá Lavezzini Basket frá Parma á norður Ítalíu.

Svo skemmtilega vildi til að með Lavezzini Basket spilaði hin bandarísk Megan Mahoney sem hafði fyrr um vorið hjálpað Haukakonum að verða Íslandsmeistari í fyrsta sinn. Mahoney hitti liðið á hótelinu fyrir leikinn í Parma en hún missti af þeim leik vegna meiðsla. Megan spilaði aftur á móti seinni leikinn á Ásvöllum og var þá með 24 stig, 11 frákost, 6 stoðsendingar og 5 stolna bolta á sinum gamla heimavelli.

Ferðalöggin voru fimm því í tveir leikjanna voru teknir í sömu ferð. Liðið byrjaði þá að fljúga til Frakklands og keyrði síðan saman í rútu yfir til Ítalíu fyrir hinn leikinn tveimur dögum síðar. Allur hópurinn var líka farinn að þekkja vel til flugvallanna í London en í öllum fimm flugnum var flogið til London og svo keyrt á milli flugvalla. Það var nefnilega frekar flókið að komast á leikstaðina sem voru ekki beint í alfaraleið.

Það er enginn vafi á því að Haukaliðið varð mun sterkara á þessari reynslu. Liðið vann fyrirtækjabikarinn skömmu eftir að liðið kom heim eftir síðasta Evrópuleikinn fyrra árið og varð síðan Íslandsmeistari í fyrsta sinn um vorið. Tímabilið á eftir, 2006-07, þá vann Haukaliðið síðan alla titla í boði.

# TAKK FYRIR STUÐNINGINN!

Eftirtalin fyrirtæki styrkja Hauka í EuroCup

— — — — — — — — — — — — — — — —

Netorka hf

Gró ehf

Fjarðagrjót ehf

Elena ehf

Thor Shipping ehf

Geislatækni ehf

Grill 111

Ban-Kúnn

Birta lœkning ehf

EMarket.is

Meistarar ehf

F&C

IB - Verk slf

Hreinar lagnir ehf

Bilaverkstæði Íslands

B8 ehf

Haf-Raf SlfStrax viðgerðir ehf

Vatnstækni ehf pípulagningaþjónusta

Málningaráþjónusta 250 litir

Dyr ehf - ráðgjöf, fasteignir, fjármál

Hollt og gott

Heimir og Jens ehf



KÆLIRÖR FÝRIR  
LÉTTÖL ÍSRÖR

Hringhella 12  
221 Hafnarfjörður

565 1489    Isrор@isror.is    ISROR

1

Grefur 95 cm  
djúpa holu.

2

Kemur rörinu  
vel fyrir.

3

Alltaf til  
kaldur.





# CLUBE UNIÃO SPORTIVA



## NAFN

Raquel De Lima Viegas Laneiro  
Sofia Ferreira  
Inês Pacheco Bettencourt  
Rita R.F Soares Dos Santos  
Simone Do Carmo Gabriel Costa  
Laura Westerik  
Emilia Ferreira  
Joana Cristelo Alves  
Nausia Woolfolk  
Kasiyahna Mercedes Kushkituah

## ÞJÓÐERNI

POR 2000  
POR 2002  
POR 2004  
POR 1997  
POR 1996  
NED 1998  
POR 1996  
POR 1996  
USA 1998  
USA 1999

## F. ÁR

**Þjálfari:** Ricardo Botelho  
**Aðstoðarþjálfari:** João Tiago Ferreira **Santos**

**Teymi:** Ana Cunha, Margarida Dias, Patricia Tavares og André Amaral

## FYLGIST MED! CLUBE UNIÃO SPORTIVA vs. HAUKAR

Seinni leikurinn fer fram eftir viku á Azoraeyjum (Portúgal) í Ponta Delgada fimmtudaginn **30. september** og verður hann í beinni á Stöð 2 Sport!



PLUSMINUS | OPTIC  
Smáralind



Óskar Ófeigur Jónsson



# Evrópukeppnин 2005 og 2006 - Helena á leið í sína þriðju keppni!

Níu leikmenn Hauka tóku þátt í báðum Evrópukeppnum en alls spilaðu 22 leikmenn að minnsta kosti einn Evrópuleik fyrir Hauka á þessum tveimur tímabilum.

Aðeins einn leikmaður náði að spila alla tólf Evrópuleikina með Haukum í þessum tveimur Evrópukeppnum og það var Helena Sverrisdóttir. Helena er líka sú eina sem er ennþá að spila með Haukaliðinu af þeim sem voru með 2005 og 2006.

Systurnar Sigrún Sjöfn og Guðrún Ósk Ámundadætur spilaðu báðar ellefu leiki af tólf eins og Kristrún Sigurjónsdóttir. Pálína María Gunnlaugsdóttir var síðan með í tíu af tólf leikjum.

Helena er mínútuþæsti, stigahæsti, frákastahæsti og stoðsendingahæsti leikmaður Hauka í Evrópukeppnum frá upphafi en þessi tvö tímabil þá var hún með 212 stig, 71 frákast og 50 stoðsendingar í þessum tólf leikjum samkvæmt tölfraði FIBA.

Fyrra tímabilið þá var Helena með 14,7 stig, 5,3 frákost og 4,2 stoðsendingar í leik en það síðasta hækkaði hún sig upp í 20,7 stig, 6,5 frákost og 4,2 stoðsendingar í leik. Helena skapaði sér nafn með þessari frammistöðu sem átti síðan eflaust eftir að hjálpa henni að komast að hjá slóvakísku Euroleague liðinu Good Angels Kosice seinna á ferlinum.

Helena Sverrisdóttir er sú sem hefur skorað flest stig í einum Evrópuleik en hún skoraði 31 stig á 35 mínútum í útileik á móti franska liðinu Lattes Montpellier 20. nóvember 2006.

Ein eftirminnilegasta frammistaða Haukaleikmanns í þessum Evrópuleikjum var hjá Unni Töru Jónsdóttur í útileiknum á móti Lavezzi Basket í nóvember 2006. Unnar Tara, þá sautján ára gömul, var með 19 stig, 4 frákost og 6 stolna bolta á aðeins 26 mínútum.

Í síðasta heimaleiknum í Evrópukeppnnini tímabilið 2005 til 2006 þá var alíslenskt byrjunarlið hjá Haukum. Í byrjunarliðinu voru líka allt leikmenn á aldrinum sautján til tuttugu ár en það voru þær Helena Sverrisdóttir (17 ára), Pálína María Gunnlaugsdóttir (18 ára), Sigrún Sjöfn Ámundadóttir (17 ára), Hanna Hálfdanardóttir (20 ára) og Kristrún Sigurjónsdóttir 20 ára).

Pays D'Aix Basket, liðið sem var með Haukum í riðli fyrra árið, fór alla leið í úrslita- leikinn í keppninni þar sem þær frönsku þurftu að sætta sig við sex stiga tap á móti Spartak frá Moskvu.

Lavezzi Basket, ítalska liðið hennar Megan Mahoney, komst í undanúrslit keppninnar eftir að hafa komist upp úr riðli Haukana seinna árið en Parma liðið datt þá út á móti verðandi meisturum Dynamo Moskvu frá Rússlandi.



# TAKK FYRIR STUÐNINGINN!

Eftirtalin fyrirtæki styrkja Hauka í EuroCup

-----



Stofnað 1986 • Byggingarfyrirtæki



HS VEITUR



# HAUKAR



**15** **Briet Sif Hinrikssdóttir**  
Bakvörður · F: 1996 · 174 cm



**18** **Dagbjört Gyða Hálfánara**  
Bakvörður · F: 2004 · 182 cm



**21** **Elísabeth Ýr Ægisdóttir**  
Framherji · F: 2003 · 186 cm



**10** **Eva Margrét Kristjánsdóttir**  
Framherji · F: 1997 · 186 cm



**3** **Haiden Denise Palmer**  
Bakvörður · F: 1991 · 174 cm



**24** **Helena Sverrisdóttir**  
Framherji · F: 1988 · 186 cm



**4** **Jana Falsdóttir**  
Bakvörður · F: 2005 · 162 cm



**11** **Kistrún Rikey Ólafsdóttir**  
Framherji · F: 2004 · 183 cm



**5** **Lovísa Björt Henningsdóttir**  
Miðherji · F: 1995 · 187 cm



**8** **Magdalena Gísladóttir**  
Bakvörður · F: 1998 · 172 cm



**12** **Maria Ósk Vilhjálmsdóttir**  
Bakvörður · F: 2004 · 174 cm



**7** **Rósa Björk Pétursdóttir**  
Framherji · F: 1997 · 176 cm



**22** **Sólrun Inga Gísladóttir**  
Bakvörður · F: 1996 · 180 cm



**6** **Tinna Guðrún Alexandersdóttir**  
Bakvörður · F: 2003 · 176 cm



**P** **Bjarni Magnússon**  
Þjálfari



**AP** **Ingvar Þór Guðjónsson**  
Aðstoðarþjálfari



**SJ** **Valdimar Halldórsson**  
Sjúkraþjálfari



**ST** **Daniel Þorsteinsson F.**  
Styrktarþjálfari